



Ályktanir Árspings SSNE 2025

Ályktun um Reykjavíkurlugvöll

Ársping Samtaka sveitarfélaga- og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) haldið 2.-3. apríl 2025 í Svalbarðsstrandarhreppi leggur ríka áherstu á mikilvægi Reykjavíkurlugvallar fyrir íbúa, atvinnulíf og öryggi landsbyggðarinnar. Flugvöllurinn gegnir lykilhlutverki í almenningssamgöngum, tryggir aðgengi að heilbrigðisþjónustu, menntun og almennri þjónustu fyrir íbúa Norðurlands eystra og annað landsbyggðarfólk.

Mikilvægt er að allar ákvarðanir um framtíð flugvallarins taki mið af hagsmunum landsins í heild og að flugsamgöngur verði ekki skertar með takmörkunum á nýtingu vallarins. Sérstaklega er bent á að flugvöllurinn er ómissandi fyrir sjúkraflug og neyðarþjónustu, sem er lífsnauðsynleg fyrir íbúa víðsvegar um landið. Röskun á aðgengi að sjúkraflugi gæti haft alvarleg áhrif á öryggi fólks og aðgengi að bráðaðþjónustu.

Þá gegnir flugvöllurinn einnig mikilvægu hlutverki í því að tryggja aðgengi ferðafólks um landið allt, og eins fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu að geta heimsótt aðra landshluta á fljótlegan og einfaldan máta. Ársping SSNE skorar jafnframt á innviðaráðherra að kanna leiðir til að lækka kostnað fyrirtækja og stofnana vegna innanlandsflugs sem þurfa að sækja fundi og þjónustu til höfuðborgarinnar.

Ársping SSNE skorar á stjórnvöld að standa vörð um Reykjavíkurlugvöll og tryggja óskerta starfsemi hans til hagsbóta fyrir allt landið á meðan annar jafngóður eða betri kostur hefur ekki fundist.

Ályktun um Borgarstefnu

Árþing Samtaka sveitarfélaga- og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) haldið 2.-3. apríl 2025 í Svalbarðsstrandarhreppi fagnar því að innviðaráðherra hafi lagt fram þingsályktun um borgarstefnu. Borgarstefna fyrir Ísland er mikilvægt skref í áttina að því að tryggja jafnvægi í byggðaðróun og auka samkeppnishæfni landsins á alþjóðavísu. Þá er fagnaðarefni að málefni sem SSNE hafði forgöngu um á sínum tíma sé komið á þennan jákvæða máta til umfjöllunar á Alþingi Íslendinga.

Það eru þó nokkur atriði í borgarstefnunni sem árþing SSNE vill ávarpa og hvetja til að skoðuð verði betur í meðförum Alþingis:

1. Skýr fjármögnun og útfærsla innviðauppbýggingar

Mikilvægt er að í allri áframhaldandi vinnu verði settar fram skýrari skuldbindingar um fjármögnun og tímasetningar aðgerða í tengslum við alla stefnumótun ríkisins varðandi m.a. uppbyggingu innviða, t.a.m. í fjármálaáætlun, byggðaaætlun og samgönguáætlun.

2. Samgöngubætur fyrir Norðurland eystra

Í stefnunni er komið inn á mikilvægi sjálfbærra samgangna, en óljóst er hvernig samgöngur til og frá Akureyri verði styrktar. Árþing SSNE leggur áherslu á að efla samgöngur, ekki síst milli borganna tveggja. Þá verði horft sérstaklega til þess að bæta flugsamgöngur (bæði innanlands- og millilandaflug) og vegakerfið þannig að Akureyri virki sem raunveruleg þungamiðja fyrir Norðurland og landið allt.

3. Menntun

Menntun er nefnd sem mikilvægur þáttur í þróun Akureyrar sem svæðisborgar, og þróun áhrifasvæðisins í heild. Þó er óskýrt hvernig Háskólinn á Akureyri verður styrktur sérstaklega. Enn fremur leggur SSNE áherslu á að farið verði í sértækar aðgerðir til að efla iðn- og starfsmenntun. Hvoru tveggja efling háskólans og iðn- og starfsmenntunar þarf að skoðast í takt við þarfir atvinnulífs svæðisins. Þannig mætti til að mynda líta sérstaklega til tæknigreina, heilbrigðisþjónustu, nýsköpunar og starfsmenntunar.

4. Heilbrigðismál

Í stefnunni er komið inn á mikilvægi Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) og þjónustunnar sem þar er til staðar. SAK gegnir mikilvægu þjóðaröryggislegu hlutverki sem önnur stoð sérhæfðar heilbrigðisþjónustu í landinu. Árþing SSNE minnir á mikilvægi þess að samhliða eflingu Akureyrar sem borgar verði stigin ákveðin skref í enn frekari eflingu SAK meðal annars með áherslu á að mönnun heilbrigðisstarfsfólks sé tryggð.

5. Nýsköpun og atvinnuþróun utan Akureyrar

Þó að Akureyri sé skilgreind sem svæðisborg er óljóst hvernig nýsköpun og atvinnuuppbygging verður styrkt í dreifðari byggðum á Norðurlandi eystra. Samhliða eflingu Akureyrarborgar væri mikilvægt að líta til þess að styðja sprotafyrirtæki, nýsköpun og atvinnuþróun í minni byggðarlögum á áhrifasvæði borgarinnar.

6. Húsnæðismál og búsetuskilyrði

Í stefnunni er talað um að Akureyri eigi að verða eftirsóttur búsetustaður en hluti af því er að á svæðinu verði framboð á fjölbreyttum íbúðarkostum. Mikilvægt er að farið verði í markvissar aðgerðir í húsnæðisuppbýggingu og settir inn hvatar fyrir fólk að flytja norður.

7. Aðkoma landshlutasamtaka sveitarfélaga

Í III. SAMSTARF RÍKIS OG BORGARSVÆÐANNA er talað um að koma á samstarfi ríkis og borgarsvæðanna. Ársþing SSNE telur mikilvægt að landshlutasamtök sveitarfélaganna bæði á Norðurlandi eystra og höfuðborgarsvæðinu hafi aðkomu að því samstarfi.